

Nd.

22. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Flm.: Jón Sigurðsson.

1. gr.

I stað orðanna „og ekki hærra en 6 af þúsundi“ í 3. gr. komi: og ekki hærra en 10 af þúsundi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Með frv. þessu er lagt til, að hámark sýsluvegasjóðsgjálfa, sem ríkissjóður leggur fé á móti, hækki úr 6 af þúsundi af landverði jarða samkv. fasteignamati í 10 af þúsundi og af húsum úr 3 af þúsundi í 6 af þúsundi.

Lög þessi voru sett 1923 og þar á meðal hámarksákvæðið 6 af þúsundi. Það er því orðið meir en 20 ára gamalt. Á þeim tíma, er lögin voru sett, var hið lögheimilaða framlag til sýsluvegasjóðanna mjög riflegt. Það fór þá saman, að kröfur um vegagerð í sveitum voru þá miklum mun minni en nú, bifreiðar þá lítt þekktar í mörgum héruðum og kaupgjald í vegavinnu margfalt lægra. Eftir að bifreiðar urðu almennt flutningatæki í sveitum, hafa kröfurnar um að gera sýsluvegina færa bifreiðum helzt árið um kring orðið ákveðnari með hverju ári. Jafnframt hefur umferðin á þeim sýsluvegum, semi akfærir eru, stóraukizt síðustu árin, sérstaklega í þeim héruðum, þar sem haldið er uppi daglegum mjólkurflutningum. Viðhald sýsluveganna hefur því stóraukizt á þessu tímabili. Á sama tíma hefur kaupið í sýsluvegavinnu tifaldatz eða meira í sumum héruðum. Það eina, sem hefur staðið að mestu í stað öll þessi ár, er hámarksframlag ríkisins til sýsluvegasjóðanna.

Af þessu hefur einkum leitt tvennt: Í fyrsta lagi verða nú margir hreppar að leggja árlega fram stórfé á þeirra mælikvarða til sýsluvega innan hrepps umfram það fé, sem veitt er til þeirra úr sýsluvegasjóði, til þess að halda þeim vagnfærum. Í öðru lagi hefur þetta ástand ýtt mjög á eftir þeim kröfum almennings í strjálbýlinu, að flestir eða allir sýsluvegir verði teknir í tölu þjóðvega. Ég hygg, að þeim kröfum muni verða sleitulaust fylgt eftir, ef engin úrbót fæst, t. d. með hækkandi framlagi ríkisins gegn auknu framlagi héraðanna, eins og hér er lagt til.